

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra mánudaginn 30.10. 2014 á Sauðárkróki kl: 14. Mættir eru undirritaðir auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Steinunnar Hjartardóttir heilbrigðisfulltrúa.

Dagsskrá:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.
2. Eftirlit með Prímex á Siglufirði.
3. Fráveitumál.
4. Starfsleyfi.
5. Kynning á mengunarmælingum á Urðunarstaðnum Stekkjarvík.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1.Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015

Framlag sveitarfélaga	13.500.000.-
Heilbrigðiseftirlitsgjöld	21.500.000.-
Sértekjur:	4.000.000.-
Tekjur samtals:	39.000.000.-
Gjöld samtals:	38.500.000.-

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

2. Eftirlit með Primex á Siglufirði.

a)

MAST hefur sóst í auknum mæli eftir eftirliti sem Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna hefur haft með höndum, en á síðustu árum hefur Matvælastofnun yfirtekið eftirlit með mjólkurvinnslum, mengunareftirlit með fiskeldi og nú endurvinnslu á rækjuskel.

Sjónarmið MAST í máli Prímex er að eftirlitið eigi heima hjá MAST, á grundvelli þess að hluti af framleiðslunni sé nýttur, sem hráefni í matvæli og þar sem að rækjuhratið er sjávarafurð, þá eigi eftirlitið heima hjá MAST sbr. 6. gr. laga 93/1995

Afurðirnar eru einnig nýttar; til iðnaðarnota, í snyrtivörur og plástra ofl.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hyggst ekki gera ágreining um málið sbr. 22. gr. laga 93/1995 og vísa málinu til úrskurðar ráherra, þó svo að nefndin hafi athugasemdir við sjónarmið og framgang MAST í málinu.

Heilbrigðisnefnd fellst á að fella starfsleyfi úr gildi frá og með næstu áramótum. Heilbrigðiseftirlitið væntir þess að Matvælastofnun geri fyrirtækinu grein fyrir stöðu mála og geri ráðstafanir um að samfella verði í leyfisveitingum til Prímex.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur haft eftirlit með starfseminni frá því að starfsemin var sett á legg árið 1998. Niðurstöður skoðunar fulltrúa MAST á fyrirtækinu bera það með sér að ástand fyrirtækisins sé gott og að eftirliti hafi verið vel sinnt.

Heilbrigðiseftirlitið óskar, í ljósi framangreinds eftir því að MAST framselji eftirlitið með Prímex til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, frá og með næstu áramótum.

b) Samþykkt að Sigríður Magnúsdóttir formaður Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra riti ráðherra bréf þar sem gerðar verði athugasemdir við framgang MAST, við yfirtöku á eftirliti með Prímex og hvernig tryggja megi að eftirlitið verði áfram hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Guðný Helga Kristjánsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

3. Fráveitmál

Nefndin samþykkir að senda bréf til sveitarfélagana um að setja fráveitumál á dagsskrá í kjölfar þess að ný reglugerð um fráveitumál er væntanleg á næstunni.

4. Starfsleyfi

- a) Mál nr. 1134 reglug. 941/2002
Jón Gíslason v/Vatnsveita Stóra Búrfell A-Húnvatnassýsla
Kt: 270359-3379
Samþykkt til: 30.10.2026
- b) Mál nr. 1135 reglug. 941/2002
Jónína Róbertsdóttir v/Klippiskúrin Ægissstíg 4 Sauðárkróki
Kt: 281287-3629
Samþykkt til: 30.10.2026

5. Kynning á mengunarmælingum á Urðunarstaðnum Stekkjarvík

Steinunn kynnti fyrirlestur sem hún flutti á ársþingi SSNV.

5. Önnur mál. Engin bókuð.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Sigríður Magnúsdóttir
Haraldur Þór Jóhannsson
Ína Ársælsdóttir
Guðný Helga Kristjánsdóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir
Kristinn Kristjánsson